



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
B.t. thorunnp@land.is

Reykjavík, 3.3.2020
Tilvísun vor: M-2020-044/ 00.11

Efni: Landgræðsluáætlun – drög að lýsingu, mál nr. 12/2020.

Vísað er til máls nr. 12/2020 í Samráðsgátt stjórnvalda þar sem kynnt er lýsing fyrir gerð landgræðsluáætlunar. Landsvirkjun hefur yfirfarið lýsinguna sem birt var í samráðsgátt 21. janúar sl. og vill koma eftirfarandi á framfæri.

Lýsingin gefur ágætt yfirlit yfir forsendur landgræðsluáætlunarinnar og þá þætti sem huga skal að við gerð hennar. Fengur verður af því að fá heildaráætlun í landgræðslu, markmið og framtíðarsýn aðgerða á landsvísu.

Í aðgerðaáætlun íslenska ríkisins í loftlagsmálum er brýnt að utanumhald og bókhald aðgerða sé samhæft og í góðum farvegi til að hægt sé að fylgjast með framgangi mála í tölulegum upplýsingum. Mikilvægt er því að í landgræðsluáætlun sé komið inn á þennan þátt og lagðar línur varðandi skráningu upplýsinga í einstökum verkefnum og hvernig þeirri samræmingu verður háttað. Í aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda er bætt landnotkun sett fram sem annað af tveimur mikilvægustu verkefnum í átt að kolefnishlutleysi og því mikilvægt að hugað sé vel að þessum þætti. Enn fremur má gera ráð fyrir að krafa um vottun aðgerða verði ríkari er frá líður og aðgengi að upplýsingum því mikilvægt. Í lýsingunni kemur fram að innleidd verði eftirfylgni með umhverfisáhrifum áætlunarinnar og í því samhengi þarf að vera skýrt hvernig sú eftirfylgni verður framkvæmd.

Í skipunarbréfi verkefnisstjórnarinnar leggur umhverfis- og auðlindaráðuneytið til í tölulið 11 að fjallað verði um útfærslu á samstarfi á milli einkaaðila og ríkisins við landgræðslu og tókum við undir að móta þarf farveg þar sem hægt er að efla þátttöku þeirra í landgræðslustarfinu svo og annarra aðila.

Vegna greiningar og samanburðar valkosta er mikilvægt að hafa áætlun um kostnað fyrir valkostina. Í því samhengi væri fengur af því að í áætluninni verði lagt mat á kostnað fyrir mismunandi aðferðir og aðferðir sem beitt er við landgræðslu.

Í upptalningu á bls. 8 á helstu alþjóðasamningum sem gert er ráð fyrir að hafðar verði til hliðsjónar við gerð landgræðsluáætlunar er „Loftslagssáttmáli Sameinuðu þjóðanna“. Hvatt er til þess að nota „Rammisamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar“ sem er íslenskt heiti samningsins (Ályktun Alþingis nr. 20/116). Einnig þyrfti að skoða nöfn „Eyðimerkursáttmála Sameinuðu þjóðanna“ og „Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni“. Varðandi upptalninguna bendir Landsvirkjun einnig á að rétt gæti verið að bæta við Vatnatilskipun Evrópusambandsins og Landslagssamning Evrópu. Jafnframt má benda á að unnið er að flokkun landslags á landsvísu sem nýtist inn í umfjöllun við áætlun sem þessa. Mikilvægt er að við áætlanir á landnýtingu sé sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi sem byggir á jafnvægi á milli félagslegra, efnahags og umhverfis þarfa.



Við gerð landgræðsluáætlunar þarf að taka mið Landsslagsáætlunar Evrópu. Samningurinn skilgreinir landslag sem auðlind og hann fjallar um tengsl og samspil manns og náttúru. Landslag er sameiginlegur menningar- og náttúruarfur og um leið uppspretta margvíslegra gæða s.s. efnahags og atvinnusköpunar. Breytingar á efnahagslífi á heimsvísu valda örvari breytingum á landslagi en áður. Unnið er að flokkun landslags á landsvísu og mikilvægt að sú vinna sé nýtt við landgræðsluáætlun. Landslagsflokkun gefur yfirlit yfir heildarsamsetningu eiginleika og fjölbreytileika landslags og yfirsýn yfir auðlindina sem landslag er og nýttist því til að sýna grunnástand, við mótun stefnu, vöktun og forgangsröðun verkefna.

Varðandi umhverfisvísa sem gert er ráð fyrir að unnið verði með við einkunnargjöf, sjá bls. 13, er bent á að æskilegt gæti verið að skipta vísinum: „Áhrif aðgerða á fornminjar og/eða jarðfræðiminjar“ í tvö liði, þ.e. annars vegar „Áhrif aðgerða á fornminjar“ og hins vegar „Áhrif aðgerða á jarðfræðiminjar“. Einnig er óskýrt hvers vegna áformað er að takmarka áhrif aðgerða á landslagsheldir við náttúruvernd. Sömuleiðis þyrfti að skýra af hverju vísað er til útsýnis varðandi áhrif aðgerða á landslag. Hvatt er til þess að vísar vegna landslags verði endurskoðaðir.

Landsvirkjun hefur átt langt og farsælt samstarf við Landgræðsluna. Stofnunin hefur unnið fjölmörg verkefni fyrir fyrirtækið og hefur þar af leiðandi öll gögn um þau. Landsvirkjun vonast til þess að sú vinna gagnist við gerð áætlunarinnar. Landsvirkjun fagnar því að vera meðal hagaðila sem gert er ráð fyrir að bjóða að taka þátt í vinnuferlinu.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson
forstjóri

